

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vesturbyggð.

Urðir-Mýrar, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 21. júní 2023 óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar og ofanflóðavarnargarða á svæðinu Urðir-Mýrar á Patreksfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur lóðar við Aðalstræti 19 er stækkaður, hámarksgrunnflötur stækkaður úr 110-112 m². Hámarksvegg hæð hækkar um 1 m. Breytingin var grenndarkynnt með athugasemdafresti til 14. júní 2023.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Patreksfirði, 22. júní 2023.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 7. júlí 2023